

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 470/1991 um endurgreiðslu til sendimanna erlendra ríkja.

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Endurgreiða skal virðisaukaskatt vegna vinnu manna sem unnin er á byggingarstað við nýbyggingu embættisbústaðar sendiherra eða skrifstofuhúsnæðis sendiráðs, þ.m.t. vinnu við framkvæmdir á lóð hússins, jarðvegslagnir umhverfis hús, girðingar, bílskúra og garðhús. Endurgreiðsla virðisaukaskatts tekur á sama hátt til allrar vinnu manna við endurbætur og viðhald framangreinds húsnæðis.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið 4. maí 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

12. maí 1993

Nr. 187

REGLUGERÐ

um sektargerðir lögreglumanna.

1. gr.

Lögreglumenn hafa heimild til að sekta vegfarendur, sem gerst hafa sekir um brot á umferðarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, enda megi telja, að refsing fyrir brotið muni ekki fara fram úr kr. 15.000. Sama gildir um brot á ákvæðum lögreglusamþykktá.

2. gr.

Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sektarheimild samkvæmt 1. gr. nær til. Í skránni skal tilgreind sektarfjárhæð fyrir hverja tegund brots. Sökunautur skal eiga þess kost að kynna sér skrána, áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Prenta má skrána eða hluta af henni á tilkynningareyðublað, sbr. 3. gr.

3. gr.

Þegar lögreglumaður verður þess áskynja, að vegfarandi hafi framið brot samkvæmt 1. gr. og hann ákveður að nota heimild sína til sektargerðar, skal hann afhenda sakborningi eða festa á ökutæki hans tilkynningu um brot. Í stað tilkynningar er heimilt að afhenda sakborningi girósedil. Á tilkynningareyðublaðinu eða girósedlinum skal koma fram í stuttu máli lýsing á broti, hvenær það var framið, hvaða refsíákvæði brot varðar við og sakborningi greint frá því að hann eigi þess kost að ljúka málinu með greiðslu tiltekinnar sektar innan viku frá dagsetningu sektarboðs. Þegar girósedill er ekki notaður og greiðsla er ekki innt af hendi þegar í stað skal tilgreina greiðslustað á sektargerð.